



Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 Akureyri

Efni: Umsókn um Aflamark Bygðastofnunar í Hrísey

Þann 13. maí sl. voru auglýst allt að 350 þorskígildistonn vegna Hríseyjar fyrir næstkomandi sex fiskveiðiár á grundvelli reglugerðar nr. 643/2016 og sbr. 10. gr. a. laga nr. 116/2006. Umsóknarfrestur rann út 28. maí.

Ein umsókn barst, frá Hrísey Seafood ehf., sjá meðfylgjandi umsókn.

Aflamarksnefnd Bygðastofnunar kom saman til fundar í dag og fjallaði um umsóknina. Lagt var til að forstjóra verði falið að ganga til samninga við Hrísey Seafood ehf. um nýtingu á allt að 350 þorskígildistönum á ári á grundvelli umsóknar þeirra til næstu sex fiskveiðiára að fenginni umsögn viðkomandi sveitarfélags. Aflamarksnefnd bókaði eftirfarandi: „Tillagan samþykkt samhljóða. Starfsmönnum er falið að leita umsagnar viðkomandi sveitarfélags í samræmi við 6. gr. reglugerðar 643/2016 og bera tillöguna fyrir stjórn Bygðastofnunar til endanlegrar afgreiðslu.“

Áætlað er að stjórn Bygðastofnunar fjalli um málið á fundi sínum þriðjudaginn 25. júní n.k. Er því óskað eftir að umsögn sveitarfélagsins verði send stofnuninni eigi síðar en föstudaginn 21. júní.

Þess er óskað að upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélagsins og innihald bréfs þessa verði ekki birt fyrr en stjórn Bygðastofnunar hefur tekið ákvörðun í málinu.

Sauðárkróki 14. júní 2024

Virðingarfyllst
fh. Bygðastofnunar

Pétur Friðjónsson Reinhard Reynisson Sigurður Árnason